



Félag fornleifafræðinga

# Áhyggjur af stöðu minjaverndar í landinu vegna fyrirhugaðrar sameiningar stofnana innan umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytis

Febrúar 2023  
Þórunnartúni 2  
105, Reykjavík

Stjórn Félags fornleifafræðinga lýsir yfir áhyggjum af fyrirhugaðri breytingu Minjastofnunar Íslands í undirsvið stærri stofnunar innan ráðuneytis umhverfis-, orku-, og loftslagsmála. Mikil óvissa er um hvað slík sameining hefur í för með sér fyrir minjavernd og íslenska menningu. Ef gerðar verða minni kröfur til verndun íslenskra minja í skipulagsferlum nýrrar stofnunar mun það vera mikil afturför í íslenskri minjavörslu og skapa hættu fyrir íslensk menningarverðmæti. Íslensk minjavernd byggir á evrópskri hefð og á sér rúmlega 200 ára sögu. Annars staðar á Norðurlöndunum og í Evrópu er stjórnslá minjaverndar og náttúruverndar hvor í sinni stofnun hvort sem þær eru innan sama ráðuneytis eða ekki.

Helsti ótti fagfólks á sviði fornleifafræði er að vægi og sjálfstæði minjaverndar á Íslandi minnki með sameiningunni og að minjavernd hverfi í skugga málefna þjóðgarða og náttúruverndar.

Félagið hvetur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið að hlusta á fagfólk sem starfar við málaflokkinn í sameiningarferlinu til að tryggja sem besta niðurstöðu fyrir íslenska menningu.